

Efling útbreiðslustarfs hjá STÍ.

Skotþing 2023 haldið í Laugardal 22.04.2023 samþykkir að STÍ efli vinnu við útbreiðslustarfs í þágu skotíþróttar. Verði því markmiði náð með því að nýta þá miðla sem virka hverju sinni eins og samfélagsmiðla, fjölmiðla og miðlun á eigin vef. Stjórn er falið að útfæra þetta frekar.

Greinagerð:

Skotíþróttir eiga undir högg að sækja úr öllum áttum vegna vanþekkingar á skotíþróttum. Ein leið til að berjast á móti því er að vera með jákvæða umfjöllun um skotíþróttir og á tímum samfélagsmiðla er auðvelt að vera með jákvætt útbreiðslustarf. Lítið hefur verið um auglýsingar eða útbreiðslu á starfi STÍ síðustu ár og eigum við marga góða íþróttamenn. Mikið hefur vantað uppá að auglýsa árangur okkar besta afreksfólks í skotíþróttum og þarf að fara í markvissa vinnu til að skotíþróttir og afreksfólk í skotíþróttum fái sömu umfjöllun og fólk í öðrum íþróttagreinum fær.

Ályktun frá: Magnús Ragnarsson